

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðar hækkað þáð í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi 1. janúar 1995.

Umhverfissráðuneytið, 7. desember 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1995.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995, sem er innheimt með fasteignargjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) **Íbúðir.**

Sorphirðugjald kr. 5.000 á íbúð.

B) **Fyrirtæki.**

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	a)	kr.	15.000
“	b)	kr.	30.000
“	c)	kr.	60.000
“	d)	kr.	120.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1995, 6 kr./kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi 1. janúar 1995.

Umhverfissráðuneytið, 7. desember 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.